

Föstudaginn 22. júní 1979.

Nr. 151/1978. **Ragnar Þórðarson f. h.**
Metravörudeildarinnar
 (Örn Clausen hrl.)
 gegn
Sigurgeir Sigurjónssyni
 (sjálfur).

Áskorunarmál. Víxlar. Gengi. Verðtrygging. Vextir.
 Fjárnámsgerð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann gerir svofelldar dómkröfur:

„Að vextir verði lækkaðir frá því, sem dæmt var í héraði . . . og aðeins dæmdir hæstu gildandi vextir í Bretlandi á tímabili því, sem hér um ræðir.

Þá er þess einnig krafizt aðallega, að vextir verði aðeins dæmdir frá þingfestingardegi málsins í héraði, eða 16. júní 1977, en til vara af £ 683.00 frá 20. júlí 1976, og af £ 1.917.00 frá 10. september 1976.

Þá er þess og krafizt, að hið áfrýjaða fjárnám verði að minnsta kosti, að því er varðar lækkun á vöxtum, ef til kemur, með dómi Hæstaréttar fellt niður.

Krafizt er málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar“.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnáms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, m. a. um viðskipti þau, er sögð eru liggja að baki víxlum þeim, sem um er fjallað í málinu. Þá hefur verið lagt fram ljósrit úr erlendu fjármálaþlaði um innláns- og útlánsvexti banka í ýmsum löndum. Enn fremur hefur verið lagt fram ljósrit

af bréfi Seðlabanka Íslands 20. mars 1979, þar sem gerð er grein fyrir skoðunum stofnunarinnar á ýmsum vaxtamálum.

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 49/1968, en síðan vikið til almennrar meðferðar samkvæmt 9. gr. sömu laga.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsaðild, og áfrýjandi hefur viðurkennt skyldu sína til að greiða vixla þá, sem um er fjallað í málinu.

Stefndi krefur í máli þessu áfrýjanda um greiðslu tveggja vixla. Annar er að fjárhæð £ 683.00, útgefinn af stefnda í Reykjavík 18. maí 1976, en samþykktur af Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar h/f 20. s. m. til greiðslu 20. júlí s. á. Hinn er að fjárhæð £ 1.234.06, útgefinn af stefnda í Reykjavík 13. júlí 1976, en samþykktur af Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar 13. ágúst 1976 til greiðslu 10. september s. á.

Hér er um víxilmál að ræða milli íslenskra aðilja, en viðskipti þau, er liggja að baki víxilkröfunum, koma hér ekki til álita. Skuldbindingar áfrýjanda samkvæmt víxlum þessum eru við aðilja, búsettan hér á landi. Ákvæði laga nr. 71/1966 giltu á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og eiga ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. þeirra laga við um vixla þessa. Samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. mgr., sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna er ákvæðið um greiðslu víxlanna í sterlingspundum ógilt. Verður áfrýjanda því aðeins gert að greiða vixla þessa með íslenskum krónum miðað við sölugengi sterlingspunds á þeim dögum, er hann tók á sig greiðsluskuldbindingar samkvæmt þeim, eða 20. maí og 13. ágúst 1976. Áfrýjandi hefur ekki haft uppi í málinu vörn, byggða á þessari ástæðu, en með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 verður að taka atriði þetta sjálfkrafa til úrlausnar. Verður áfrýjanda því aðeins dæmt að greiða hinar umkröfðu víxilfjárhæðir í íslenskum krónum miðað við sölugengi á sterlingspundum í Reykjavík þann dag, sem víxlarnir voru samþykktir. Samkvæmt þessu ber að staðfesta ákvæði hér-

aðsdóms um upphafstíma vaxta og vaxtahæð svo og um greiðslu stimpilkostnaðar.

Rétt er að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Staðfesta ber hið áfrýjaða fjárnám til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Ragnar Þórðarson f. h. Metravörudeildarinnar, greiði stefnda, Sigurgeir Sigurjónssyni, £ 683.00 í íslenskum krónum miðað við sölugengi í Reykjavík á sterlingspundi 20. maí 1976 og £ 1.234.00 í íslenskum krónum miðað við sölugengi í Reykjavík á sterlingspundum 13. ágúst 1976 ásamt 2% vöxtum á mánuði af £ 683.00 frá 20. júlí 1976 til 10. september 1976, af £ 1.917.00 frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2.5% vöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu stimpilkostnaðar og málskostnaðar er staðfest.

Fjárnám það, sem fram fór hjá áfrýjanda 24. apríl 1978, er staðfest til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Héraðsdómi er ekki áfrýjað til breytingar á dómsákvæðum hans um höfuðstól dómkröfu stefnda, sem áfrýjandi viðurkenndi réttan í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi. Er ekki efni til, að Hæstiréttur taki héraðsdóminn til endurskoðunar um þetta atriði. Ágreiningur er ekki um málsaðild.

Fyrir héraðsdómi hafði áfrýjandi engin andmæli uppi varðandi upphafstíma þeirra dráttarvaxta, sem stefndi

krefst. Verður ekki sinnt mótmælum hans við dómkröfum stefnda að því er það atriði varðar, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Í dómkröfum sínum hefur áfrýjandi ekki tilgreint með viðhlítandi hætti þann vaxtafót, sem miða beri við, þegar dæmt er um dráttarvaxtakröfu stefnda. Eru dómkröfur áfrýjanda að þessu leyti ekki nægilega skýrt markaðar. Rök hníga ekki til þess að ákveða vaxtafót dráttarvaxta í máli þessu eftir reglum, sem í Englandi gilda. Samkvæmt þessu er ekki efni til að sinna kröfu áfrýjanda um breytingu á vaxtaákvæði héraðsdóms.

Með skírskotun til framanritaðs tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, enda eru ekki á henni þeir gallar, sem leitt geti til þess, að hún verði úr gildi felld, svo sem áfrýjandi krefst.

Eftir atvikum tel ég rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. þ. m., höfðaði Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, Óðinsgötu 4, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. júní sl., gegn Ragnari Þórðarsyni, Garðastræti 45, Reykjavík, prókúruhafa og framkvæmdastjóra Metravörudeildarinnar, Aðalstræti 9, Reykjavík, f. h. fyrirtækisins til greiðslu tveggja víxla, samtals að upphæð £ 1.917.00 auk 2% mánaðarvaxta af £ 683.00 frá 20. júlí 1976 til 10. september 1976, en af £ 1.917.00 frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2½% mánaðarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.510 í stimpil-kostnað og málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá varakröfu varðandi vexti, að vextir yrðu dæmdir að mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að vaxtakröfum stefnanda verði hafnað, en stefnda gert að greiða mun lægri vexti skv. mati dómsins. Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera samkvæmt tveim

víxlum, öðrum að fjárhæð £683.00, en hinum að fjárhæð £1.234.00, útgefnum af Sigurgeir Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, annar 18. maí 1976, en hinn 13. júlí 1976, á hendur Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar og samþykktum af honum til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, annar 20. júlí 1976, en hinn 10. september 1976.

III.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að hinir umstefndu víxlar væru eign erlends aðilja, sbr. dskj. nr. 6 og 7. Lögmaðurinn hafi fengið þá til innheimtu óútgefna og gefið þá sjálfur út. Mál þetta sé víxilmál, höfðað gegn innlendum aðilja, stefndi hafi viðurkennt skuldina, í málinu sé bara ágreiningur um vexti. Málið beri að dæma eftir íslenskum lögum.

Í greinargerð stefnda segir, að stefndi viðurkenni að skulda umrædda skuld, en hann mótmæli hins vegar algerlega, að vaxtaútreikningur skuli miðaður við 2% mánaðarvexti frá 20. júlí 1976 af ákveðinni upphæð í enskri mynt og 2½% mánaðarvexti af upphæð í enskri mynt frá 20. nóv. 1976. Þessi kröfugerð stefnanda virðist brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 71 frá 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þá megi einnig benda á, að vextir í Englandi séu mun lægri en hér og því eðlilegra að miða við þá vexti, sem tíðkaðir séu þar, þegar miðað sé við kröfugerð í enskri mynt. Það sé augljóst, að þeir háu vextir, sem séu við lýði hér á landi, séu vegna þess, að hér ríki óðaverðbólga og stöðugt minnkandi gildi íslenskrar myntar. Þessar staðreyndir valdi því, að óeðlilegt sé að dæma fulla dráttarvexti af þeirri kröfu, sem um ræðir í máli þessu. Farið er fram á það, að dráttarvaxtakröfu stefnanda verði hafnað, en stefnda gert að greiða mun lægri vexti skv. mati dómsins.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að miða verði við það, að stefnandi sé eigandi víxlanna, hann höfði málið sem útgefandi þeirra. Óeðlilegt sé, að íslenskur dómstóll dæmi hærri vexti á enska mynt en gildi þar, sem ensk mynt sé notuð. Algengir vextir í Bretlandi séu um eða innan við 10%.

IV.

Álit dómsins.

Mál þetta er höfðað og rekið sem víxilmál fyrir íslenskum dómstóli. Fram er komið, að eigandi víxlanna er erlendur.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71 frá 1966 eiga því ekki við um mál þetta, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Víxlarnir, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, liggja frammi í málinu. Þeir bera með sér, að stefnandi er útgefandi þeirra, og jafnframt, að ósamræmi er í ritun víxlanna að því er varðar greiðanda og áritun samþykkjanda. Á vixlinum að fjárhæð £ 683.00 er Metravörudeildin skráður greiðandi, en sá víxill er samþykktur af Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar h/f. Á vixlinum að fjárhæð £ 1.234.06 er Metravörudeildin h/f skráður greiðandi. Sá víxill er samþykktur af Ragnari Þórðarsyni f. h. Metravörudeildarinnar. Þar sem stefndi hefur viðurkennt skuldina og ekki vefengt aðild, þykir þetta ósamræmi ekki skipta máli. Vaxtakrafa stefnanda er samkvæmt íslenskum reglum um dráttarvexti. Ekki hefur verið upplýst, hvað séu löglegir vanskilavextir í Englandi. Skuldarinn er íslenskur. Hvað sem formi vixilsins líður, þá er hér um viðurkennda vanskilaskuld að ræða, og þykir því bera að taka aðalkröfu stefnanda til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 160.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Þórðarson f. h. Metravörudeildarinnar, greiði stefnanda, Sigurgeir Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, £ 1.917.00 með 2% vöxtum á mánuði af £ 683.00 frá 20. júlí 1976 til 10. september 1976, en af £ 1.917.00 frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2½% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.510 í stimpilkostnað og kr. 160.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 24. apríl 1978.

Ár 1978, mánudaginn 24. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Garðastræti 45 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-796/1978: Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður gegn Ragnari Þórðarsyni vegna Metravörudeildarinnar.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit úr dóma-bók bæjarþings Reykjavíkur.

Nr. 1 — 2.

Fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Sigurgeirs Sigurjónssonar og krefst fjárnáms fyrir £1.917.00 með 2% mánaðarvöxtum af £683.00 frá 20. júlí 1976 til 10. sept. 1976, en af £1.917.00 frá þeim degi til 20. nóv. 1976 og með 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.800 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 1.510 í stimpilkostnað, kr. 160.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, merktum 3 A í norð-austurhorni kjallara í húseigninni nr. 9 við Aðalstræti. Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.
